

Skipulagsstofnun  
Valur Klemensson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. nóvember 2014  
Tilvísun: UST20141100076/bs

### Sjóvörn í Hvalfjarðarsveit - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða gerð sjóvarnar á allt að 200 m löngum kafla vestan við bæinn Skipanes þar sem brotið hefur ört úr um 2 m háum moldarbökkum. Breidd sjóvarnarinnar verður um 8 m og mun hún verða lægri en rofbakkar. Efnisþörf er um 1.500 m<sup>3</sup> af sprengdum kjarna. Ekki liggur fyrir úr hvaða námu efnið verður tekið.

Grunnafjörður var friðlýstur sbr. auglýsingu í Stj.tíð. B nr. 548/1994. Tilgangur friðlýsingarinnar var að vernda landslag og lífríki svæðisins. Árið 1996 var svæðið samþykkt sem Ramsar svæði. Svæðið hefur því verið verndað samkvæmt samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi.

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er efst á fjörukambi. Umhverfisstofnun telur að votlendi í Grunnafirði stafi ekki hættu af framkvæmdinni. Stofnunin telur að þar sem sjóvörnin verður lægri en land ofan hennar verði dregið úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telur því að umrædd framkvæmd muni ekki skerða náttúruverndargildi Grunnafjarðar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í reglum sem gilda um friðlandið í Grunnafirði kemur fram að landeigendum sé heimilt að verja lönd sín ágangi sjávar. Umhverfisstofnun telur að leita þurfi leyfis stofnunarinnar vegna umræddrar framkvæmdar þar sem framkvæmdaaðili er ekki landeigandi í þessu tilfelli heldur Vegagerðin.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

  
Björn Stefánsson